

EYJAFRÉTTIR



*Eyjafréttir senda sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*

tbl. **10**
49. árg
09.05
2022
kr. 890



10



10

Staða Þjóðkirkjunnar
betri en margur
heldur



26

Tuttugu ára bið eftir
hefnd í höfn



22

Orkan og tryllingur-
inn skilar sér inn á
völlinn

Íris Róbertsdóttir verður áfram bæjarstjóri:

Hlakka til að takast á við næstu fjögur ár

„Ég er auðmjúk, stolt og óendanlega glöð með niðurstöðu kosninganna. Við höldum okkar þremur bæjarfulltrúum og bættum við okkur fylgi. Fengum tæp 36 % atkvæða. Meirihlutinn hélt velli. Ég tók baráttusætið á listanum hjá okkur og er þakklát fyrir stuðninginn,“ sagði Íris Róbertsdóttir sem nú er að hefja sitt annað kjörtímabil sem bæjarstjóri.

„Vestmannaeyjar eru einstakur staður og það hafa verið forréttindi að vera treyst fyrir því, fyrst kvenna, að leiða þetta samfélag síðustu fjögur ár. Þessi ár hafa verið lærdómsrík, skemmtileg, krefjandi, þroskandi og gefandi. Það skiptir máli hvernig við komum fram fyrir hönd Vestmannaeyja og hvaða hug við berum til Eyjanna. Ég hef verið stolt af því að koma fram fyrir hönd Eyjanna og gert það af virðingu og auðmýkt gagnvart því verkefni sem mér var falið.

Fólkið sem hér býr er kraftmikið og hefur sýnt það undanfarin ár að



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja.

við getum tekist á við áskoranir með samtakamætti og samstöðu. Við sýnum það í gleði og sorg felst hinn sanni Eyjakraftur og Eyjahjarta.

Mér hefur nú verið treyst fyrir því að vera áfram bæjarstjóri næstu fjögur ár. Ég er þakklát fyrir það traust sem mér er sýnt. Ég hlakka til næstu fjögurra ára og vonast eftir því að góð samvinna og jákvæðni einkenni þetta kjörtímabil. Það krefst hugrekkis og auðmýktar að taka þátt í pólitísku starfi og ekki sjálfgefið að einstaklingar gefi sig í það. Ný bæjarstjórn er skipuð öflugum fólki sem allt ber hag Eyjanna fyrir brjósti.

Hér í Eyjum eru tækifærin til vaxtar og þroska fyrir þetta magnaða samfélag. Við viljum vera í fremstu röð og vera leiðandi á sem flestum sviðum. Ég hlakka til að takast á við næstu fjögur ár og þær áskoranir sem fylgja þessu starfi,“ sagði Íris bæjarstjóri að lokum.

Reynsla og fersk augu


Það var þínulítið óvænt og hröð atburðarás sem gerði það að verkum að nú eru kynntir til leiks tveir nýir starfsmenn Eyjafréttar. Í okkur mætast annars vegar margra ára reynsla og traust handtök og hins vegar fersk augu og nýjar hugmyndir. Þessar breytingar áttu sér stað í lok maí og settu útgáfu síðasta blaðs úr skorðum.

Við teljum okkur geta veitt góðan grunn undir breiða og yfirgripsmikla fjölmiðlun frá okkar uppáhaldsstað á landinu, Vestmannaeyjum. Við tökum við góðu búi og stefnum á að gera traustan miðil, enn betri. Afrakstur okkar fyrsta samstarfs má sjá á þessum síðum sem við sendum frá okkur með stolti og mikilli tilhlökkun yfir framhaldinu. Trausti Hjaltason mun taka við sem formaður Eyjasýnar ehf., af Margréti Rós Ingólfssdóttur á næsta aðalfundi. Jafnframt verður ný stjórn kosin, aðalfundur fer fram 28. júní næstkomandi.

Með þökk fyrir sýndan velvilja í okkar garð. Ómar Garðarsson, ritstjóri Eyjafréttar og Eygló Egilsdóttir, ritstjóri eyjafrettir.is



Ómar Garðarsson, ritstjóri Eyjafréttar.



Eygló Egilsdóttir, ritstjóri Eyjafrettir.is

EYJAFRÉTTIR

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549

/Egissgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.

Ritstjórn og ábyrgð: Ómar Garðarsson og Eygló Egilsdóttir - omar@eyjafrettir.is - eyglo@eyjafrettir.is.

Umbrot: Leturstofa Vestmannaeyjum ehf.

Ljósmyndir: Bláðamenn Eyjafréttar.

Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.

Sími: 481 1300

Netfang: frettir@eyjafrettir.is.

Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is

Veffang: www.eyjafrettir.is

EYJAFRÉTTIR er áskriftablað.

TIL HAMINGJU SJÓMENN!

FISK Á GRILLIÐ?



ROGUE SE425

Grillið er matt svart alveg frá lokinu niður að hjólunum. Grillgrindurnar eru úr ryðfríu stáli og þarfnast lítils viðhalds. Hæð: 123cm. Breidd: 140cm. Dypt: 63,5cm.

Vnr. 506600075

256.795

Kw					
23,75	3+2	45x60			

Verslaðu á byko.is

Frír sendingarkostnaður er af pöntunum í vefverslun BYKO yfir kr. 20.000



SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

Formaður Jötuns hefur í mörg horn að líta:

Verðum að komast að samkomulagi við útgerðina

≡ Vill út úr ASÍ – Afætusamband fyrir lítið félag úti á landi

Kolbeinn Agnarsson tók við formennsku í Sjómannafélaginu Jötni af Þorsteini Inga Guðmundssyni árið 2019. Er Selfyssingur og fór fyrst á sjó frá Eyjum 1993, þá 23 ára. „Gugga hafði skömmu áður komið upp á land og sótt mig,“ segir Kolli og vitnar í fyrstu kynni þeirra hjóna, hans og Guðríðar Jónsdóttur, kennara. „Hún kom í skóla á Selfossi og var ákveðið að fara með prinsinn á ættarskipið, Bylgju VE 75. Á næsta ári verða 30 ár síðan ég kom hingað,“ bætir hann við og hefur búið hér síðan. „Við eigum þrjár dætur, tvo tengdasyni og barnabarn á leiðinni.“

Kolli hafði áður verið í stjórn Jötuns og varaformaður. Hann er starfsmaður félagsins en er líka til sjós, á Breka VE. Félagar í Jötni eru um 250 og segir Kolli félagið að fullu sjálfbært. „Það er nóg til að standa undir kostnaði og við erum búnir að skipta út íbúðum, keyptum tvær nýjar úti á Granda og eigum sumarbústað í Grímsnesinu. Bústaðurinn og íbúðirnar eru mjög mikið notaðar.“

Sjúkrasjóður og aðrir styrkir
Félagið veitir mjög fjölbreytta þjónustu og er með sinn eigin sjúkrasjóð. „Veittir eru styrkir úr sjúkrasjóði og félagið styrkir félaga sem fara á námskeið, t.d. í Slysavarnaskólann og nema í Vélskólanum og Stýrimannaskólanum. Líka í meirapróf. Önnur námskeið styrkjum við allt að 90 prósent. Skrifstofan sér um úthlutun á íbúðunum og sumarbústaðnum þannig að við erum að sýsla með ýmislegt. Um þetta sér Hulda Skarphéðinsdóttir sem hefur stýrt skrifstofunni í mörg ár.“
Sjálfur er Kolli í samninganefnd fyrir sjómenn og í framkvæmdastjórn Sjómannasambandsins og í nefndum innan ASÍ sem hann er lítt hrifinn af. Vill út með félagið. „ASÍ er afætusamband fyrir lítið félag úti á landi. Við erum í Sjómannasambandinu en Verðandi, félag skipstjóra og stýrimanna er alveg frjálst. Við erum að borga í þessi sambönd en það kemur lítið í staðinn og stundum ekkert eins og dæmin sanna.“
Jötunn er eitt þriggja félaga sem aðeins er fyrir sjómenn og því vill Kolli halda.



Kolbeinn Agnarsson, formaður Sjómannafélagsins Jötuns

”

Viðræður hafa staðið í tvö og hálft ár og útgerðin er alltaf að koma með nýjar kröfur, vill fækka í áhöfn, lækka skiptaprósentu á þeirri forsendu að skipin séu svo flott og ný. Þó skipin séu ný eru þau ekkert öðru vísi útbúin. Það er sama vinnan um borð.

Hann segir samningamálin vera stál í stál. „Viðræður hafa staðið í tvö og hálft ár og útgerðin er alltaf að koma með nýjar kröfur, vill fækka í áhöfn, lækka skiptaprósentu á þeirri forsendu að skipin séu svo flott og ný. Þó skipin séu ný eru þau ekkert öðru vísi útbúin. Það er sama vinnan um borð.“ Kolli er þrátt fyrir það ánægður með samskiptin við útgerðamenn

í Vestmannaeyjum. „Þessi stóru, Ísfélag, Vinnslustöð og Ós hafa verið okkur hliðholl og það sem komið hefur upp á hefur verið leyst á farsælan hátt.“

Sérðu lendingu í kjaramálum sjómanna? „Við höfum hist hálfsmánaðarlega hjá ríkissáttasemjara en nú er allt á ís fram í september. Elítan fyrir sunnan sem vaknar nú á morgnana og hettir klukkan

þrjú þarf að hvíla sig og fá sumarfrí.“

Kolli segir þetta vera hálf bitlaust. „Þar spilar inn í að hækkandi fiskverð hefur bætt laun sjómanna síðustu mánuði. Það hefur áhrif en það breytir því ekki að við verðum að komast að samkomulagi,“ sagði Kolbeinn að lokum.



GLORÍAN

sem bylti flottrollsveiðum

Gloríu flottroll Hampiðjunnar voru þróuð í nánu samstarfi við íslenskar útgerðir, skipstjórnarmenn og sjómenn.

Á síðustu 33 árum hefur Hampiðjan framleitt og selt yfir þúsund Gloríur til útgerða í 28 löndum.

HAMPIÐJAN

www.hampidjan.is

– veiðarfæri eru okkar fag



MEST SELDI SKOTBÓMULYFTARINN Á ÍSLANDI!



ÍSLYFT NÝR UMBOÐSAÐILI FYRIR MANITOU Á ÍSLANDI

VESTURVÖR 32a | 200 KÓPAVOGI
SÍMI 564 1600 | ISLYFT@ISLYFT.IS | ISLYFT.IS

Islyft ehf



EYJAFRÉTTIR - hluti af samfélaginu síðan 1974

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum
bestu kveðjur
á sjómannadaginn*

Raf*Múli*
Löggiltur rafverktaki

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum
bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR



SVARTUR SJÓR AF GÓÐFISKI

Erlingur VE 295 og Heimaey VE 1 kasta á gjöfula torfu

„Oft hefur verið svartur sjór kringum Eyjar af þeim góðfiski er síld nefnist“, skrifaði verslunarstjóri hjá Brydesverslun árið 1883. Ekki leyfði tækniþekking þó stórfelldar síldveiðar fyrr en löngu síðar. Vestmannaeyjabátar hófu síldveiðar árið 1919 með reketum í Ísafjarðardjúpi og um og eftir 1930 hófu þeir herpinótaveiðar. Að lokinni vetrarvertíð í Vestmannaeyjum héldu Eyjabátar gjarnan til Siglufjarðar til að taka þátt í síldarævintýrinu mikla.

Það var oft eftirvænting í loftinu þegar nýskveraðir bátar lágu við Básaskersbryggju og voru að halda á miðin og fjöldi kvenna og barna voru að kveðja sína sjómenn. Allt sumarið var svo fylgst af spenningi með síldarflotanum þegar aflatölur vvoru lesnar eftir kvöldfréttir í útvarpinu. Það var því stolt og gleði hjá Vestmannaeyingum síldarsumarið mikla 1940 er tvílembingarnir, Erlingur I VE 295 og Erlingur II VE 325 voru langhæstir

á síldarvertíðinni með 10.939 mál og tonnur.

Myndirnar hér á opnunni sýna tímana tvenna. Annað skipið er smíðað í Danmörku árið 1930. Hitt skipið er smíðað í Síle árið 2012. Fiskurinn er hins vegar sá sami. Á Erlingi VE má sjá 15 manna áhöfn, sjö um borð í mótorbátnum og fjórir í hvorum nótabátanna. Um borð í Heimaey VE má greina einn sjómann af þeim ellefu sem eru að jafnaði um borð á nótavertið.



*Við sendum sjómönnum og fjölskyldum
þeirra heillaóskir í tilefni dagsins.*



Stofnað 1901

ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF.

Agnes Sigurðardóttir, vísiteraði Ofanleitissókn í maí sl.

Efla þarf sjálfsmynd og sjálfstraust kirkjunnar þjóna

≡ Kristin trú er og verður okkur svo óendanlega mikilvæg

Agnes Sigurðardóttir, biskupinn yfir Íslandi vísiteraði Ofanleitissókn í Vestmannaeyjum helgina 21. og 22. maí sl. Fundaði með prestum og sóknarnefnd, predikaði í Landakirkju í sunnudagsmessu og heimsótti íbúa á Hraunbúðum. Einnig kynnti Kristín Jóhannsdóttir safnstjóri Eldheima henni og fylgdarliði hennar safnið. Kári Bjarnason forstöðumaður Bókasafns Vestmannaeyja kynnti þeim Biblíusafnið sem er eitt af þremur heildarsöfnum hérlandis á öllum útgáfum Biblíunnar á íslensku og sögu Mormóna sem tengist Vestmannaeyjum. Agnes var ánægð með heimsóknina, veður gott og hlýjar móttökur. „Ég finn og heyri hvað fólk hlakkar til að fara af stað í kirkjustarfinu af fullum krafti í haust. Það eru margar hugmyndir á lofti og vandamálið að það eru bara 24 tímar í sólarhringnum. Það er svo margt sem fólk vill gera og ætlar að gera. Allt til þess að biðja, boða og þjóna,” sagði Agnes sem talaði um sig sem stelpuna að vestan í predikun sinni.

Agnes ólst upp á Ísafirði, útskrifaðist sem guðfræðingur 1981 og var sama ár vígð sem æskulýðsfulltrúi Þjóðkirkjunnar. Síðan var hún sóknarprestur í Hvanneyrarprestakalli í Borgarfirði í 8 ár og í Bolungarvík í 18 ár. „Þar var ég prófastur síðustu þrettán árin, fyrir alla Vestfirði og svo lenti ég í 101 Reykjavík, árið 2012 og þá sem biskup, fyrsta konan.“

Agnes svarar því bæði játandi og neitandi þegar hún er spurð hvort hún hafi fundið fyrir því að vera kona á biskupsstól. „Fyrsta mánuðinn hugsaði ég; - ég vildi vera sköllóttur karlmaður, þyrfti ekki að hafa mig til á morgnana sem mér fannst ég þurfa sem kona. Stundum hugsar maður; - skildi vera talað svona til mín ef ég væri karlmaður. Ekkert sem hægt er að sanna en annars finn ég ekkert fyrir því enda búin að vera í þessum karlaheimi frá því ég var í guðfræðideildinni.“ segir Agnes sem var þriðja konan á Íslandi sem var vígð til prests.



Agnes biskup framan við altari Landakirkju með prestunum Viðari Stefánssyni og Guðmundi Erni Jónssyni.

Núna er hlutfallið, fjórar konur af hverju tíu prestum. „Menningin í samfélaginu er að breytast og ekki síst eftir að metoo-hreyfingin fór af stað. Annar hugsunarháttur.“

Þjóðkirkja sjálfstæð í dag

„Þjóðkirkjan verður til með stjórnskránni 1874 og síðan hafa menn velt fyrir sér aðskilnaði ríkis og kirkju,” segir Agnes og rekur þær breytingar sem orðið hafa síðan. „Prestar voru lengst af á launum hjá ríkinu sem var hluti af samkomulagi um að kirkjujarðir sem í áföngum urðu eign ríkisins. Um leið hefur sjálfstæði Þjóðkirkjunnar aukist, hún greiðir laun prestar sem eru ekki lengur embættismenn heldur

starfsmenn á plani,” segir Agnes og heldur áfram.

„Kirkjan sér í dag um öll sín innri mál og eina tengingin við ríkið er í gegnum stjórnskrána.

dag en þá vildi meirihlutinn að ríkið verndaði og styrkti Íslensku Þjóðkirkjuna. Ég hef heyrt fyrrum ráðherra segja, - Ég vil hafa sterka Þjóðkirkju til að varna því að inn komi öfgatrúarhópar. Með þessu er ríkið að segja að við viljum hafa kristna trú sem leiðandi í hugsunarhætti, lögum og gildum til að varða okkur leiðina.“ Agnes segir að hlutfallslega séu færri í Þjóðkirkjunni núna en áður sem

Ennþá eru þó um 80 prósent íslensku þjóðarinnar skráð í kristin trúfélög þannig að kristni og kristin trúarhugsun hlýtur að móta það samfélag sem við erum í og viljum hafa

Atriði sem meirihluti íslensku þjóðarinnar vildi hafa inni samkvæmt skoðanakönnuninni 2012 um nýja stjórnskrá. Maður getur ekki fullt hvernig staðan er í

m.a. má rekja til fleiri erlendra íbúa. „Ennþá eru þó um 80 prósent íslensku þjóðarinnar skráð í kristin trúfélög þannig að kristni og kristin trúarhugsun hlýtur að

móta það samfélag sem við erum í og viljum hafa.“

Trúarfélag ekki stofnun

Oft á tíðum finnst mér kirkjan og það sem hún stendur fyrir njóti ekki sannmælis hjá þjóðinni. Sé meira í vörn á meðan aðrir koma sér og sínu á framfæri. „Í dag er kirkjan félagsskapur, trúfélag en ekki stofnun sem breytir til framtíðar ásjáð hennar og hvernig hún kemur fram. Kirkjan er byggð upp landfræðilega á söknum og félagslega á söfnuðum. Í Vestmannaeyjum er Ofanleittsókn og söfnuðurinn er fólkið. Í því er rödd kirkjunnar um allt land. Prestar starfa við það að boða og við erum biðjandi, boðandi og þjónandi kirkja.“

Agnes segir stöðu Þjóðkirkjunnar betri en margur heldur. „Kannanir sýna að kirkjan okkar er allt önnur kirkja heldur en sú sem birtist í fjölmiðlum. Það er kirkjan sem fólkið elskar, það sjáum við í Vestmannaeyjum. Fólkið segir prestana góða, kirkjukórinn góður og öflugir sjálfboðaliðar í sóknarnefnd sem meðal annars mála kirkjuna. Gera allt sem þarf að gera og fá ekki krónu fyrir í peningum. Þetta er kirkjan í samfélaginu. Svo er það hin kirkjan, stofnanakirkja og hún er búin að vera í tómrri tjöru og basli út af hinum og þessum málum. Þetta er eins og með ísjakann, lítill hluti sem sést. Mest um vandræðin sem koma upp hjá okkur en það er fullt af öðrum málum sem við leysum sjálf og enginn veit af. Þess vegna heldur fólk að kirkjan sé ekki nógu öflug.“

Skiptir máli hver er á póstinum

Þú nefndir starfið hér í Vestmannaeyjum og við höfum verið einstaklega heppin með presta sem allir hafa reynst samfélaginu vel í þess orðs víðustu merkingu. Daglega eru í fjölmiðlum kallaðir

til sérfræðingar og fólk sem örugglega margt er að vinna þarft og gott starf en aldrei er leitað upplýsinga um hlut kirkjunnarfólks þegar stærri atburðir verða. Þarf ekki meiri kraft í að koma ykkur á framfæri?

„Þetta er mjög falið,“ segir Agnes. „Kraftur kirkjunnar undanfarin ár hefur farið í skipulagsbreytingar og það er kirkjuþing sem setur reglurnar. Jafnvægi þarf að nást en eins og annars staðar skiptir máli hver er á póstinum. Reglurnar eru til.“

Agnes segir kirkjuna vera að feta sig inn á brautir samfélagsmiðla og vefsíðan kirkjan.is hefur lengi verið til staðar. „Þar eru fréttir og innri vefur fyrir þá sem koma að starfinu. Málið er að alltof fáir fara inn á síðuna okkar. Vita ekki einu sinni af henni. Við erum líka með hlaðvarp, reyndar nokkur sem við þurfum að koma betur á framfæri. Biskupsstofa er þjónustustofnun fyrir sóknirnar og við þurfum að sjá til þess að koma því á framfæri sem fólk úti í söfnuðinum er að gera.“

Brotin kirkja

Agnes segir mikið hafi verið barið á kirkjunni undanfarin ár. Sjálfstraust vant og sjálfsmyndin brotin þó kristin trú sé ein helsta stöðin í okkar samfélagi. „Þetta er að gerast í kirkjunni. Prestar fá víða ekki að koma inn í skóla sem þótti sjálfsgaet áður. Margir þeirra verða öruggir, finna sig eins og holdsveika. Hvar mega þau koma og hvar ekki? Hvar eru þau velkomin og hvar ekki? Þess vegna er svo mikilvægt að efla sjálfsmyndina og sjálfstraust þeirra sem vinna úti á akrinum. Við erum að flytja frábært erindi, eitt það besta sem heyrst hefur á jarðarkringlunni. Þess vegna erum við að feta okkur inn á þann veg að vera ekki feimin. Enda ekki ástæða til því það er sama hvað hver segir,



Brugðið á leik, Viðar, Halldóra Þorvarðardóttir prófastur okkar í suðurprófastsdæmi, Agnes og Guðmundur Örn.

kristin trú er og verður okkur svo óendanlega mikilvæg.“

Kristniðræðikennsla er ekki skyldufag í grunnskólum og heyrir til kennslu í lífsleikni. „Kjauftögin gömlu, eins og þau voru kölluð, kristniðræði, mannkynsaga, Íslandssaga og landafræði eru þar öll undir einum hatti. Það er undir stjórnendum komið hvað kristniðræðikennslan er mikil en við getum líka gert meira,“ segir Agnes og nefnir skemmtilega hefð í Stykkishólmi þar sem börnin sýna helgileik í kirkjunni fyrir jólin.

„Þau nota búninga sem nunnurnar útbjuggu á meðan þær voru í Stykkishólmi. Það er svo fallegt að sjá þetta. T.d. er kjóll Maríu fermingarkjóll einnar nunnunnar. Það er mikil saga á bak við búninga og bæjarbúum, sem þekkja þessa sögu finnst þetta svo sjálfsgaet og eðlilegt. Hefð sem berst frá einni kynslóð til annarrar.“

Agnes segir dæmin fleiri. „Á annarri hæð í turninum í Hallgrímskirkju er lítill baðstofa þar sem saga Steinunnar Jóhannesdóttur, rithöfundar og leikkonu um Hallgrím Pétursson sem ungan dreng er sögð. Það eru alltaf fleiri sem vilja koma og heyra um jólin hans Hallgríms án þess að fara inn í kirkjuskípið. Þetta eru leiðir til að nálgast börn og ungmenni því ekki er eftirspurn eftir því að bekkirnir komi inni kirkjuna. “ Agnes segir ýmsar ástæður fyrir því að sunnudagaskólinn á erfitt uppráttar. „Það má m.a. rekja til þess að konur vinna meira úti og laugardagar fara í að koma börnunum á þróttæfingar og námskeið. Þá eru allir orðnir svo þreyttir og einhvern tímann þarf fólk að hvíla sig. Pestar hafa reynt að breyta tímanum en það hefur gengið svona og svona.“

Kirkjan þarf að vera sýnilegri

Kirkjan og unga fólkið? „Eftir fermingarfræðsluna í áttunda bekk er engin kristniðræðikennsla og svona hefur þetta alltaf verið. Í menntaskóla er engin trúarbragðakennsla nema í undantekningartilfellum þar sem prestar hafa verið með námskeið um sorg og sorgarviðbrögð. Annars er ekkert í skólakerfinu sem t.d. undirbýr fólk fyrir nám í guðfræðideildinni. Þar eins og svo víða er kirkjan ekki svo sýnileg þó þörfin fyrir þjónustu hennar sé svo sannarlega fyrir hendi.“

Tilhneiging til að tala niður störf presta og kunnáttu þeirra til að takast á við erfiða reynslu og áföll með fólki er til staðar. Agnes segir þetta ekki réttmætt. Nám presta sé á háskólastigi og samskipti við fólk sem verður fyrir áföllum og upplifir sorg sé hluti af þeirra daglega starfi. Þetta verði líka til þess að fólk leitar fyrir sér í trúarhópum utan kirkjunnar.

„Stundum leitar það langt yfir skammt því við erum ekki nógu sýnileg. Höldum ekki námskeið og látum borga fyrir. Við erum ekki að auglýsa og veitum svo mikið sem kostar ekki peninga. Skoðun okkar í kirkjunni er að við séum líkami, sál og andi. Allir þurfa andlega iðkun og tengingu, sálarlega og félagslega, að koma saman og sinna því líkamlega. Það er stundum gert grín að því þegar við bjóðum í kaffi í kirkjunni en málið er að við sinnum þessu öllu. Gerum meira en að biðja alla daga. Með framgöngu okkar eigum við ganga fram eins og kristnir einstaklingar, gera fólk gott og elska Guð og náungann eins og okkur sjálf. Og gefa fólki von.“



Agnes biskup á spjalli við Tótu í Þingholti og Sissu á Múla.



Alls útskrifuðust 35 nemendur frá Framhaldsskólunum á vorönn.

Skólaslit Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum:

Arína Bára dúxaði og Karen semidúx

Laugardaginn 28. maí útskrifaði Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 35 nemendur á af sex námsbrautum. Fjórir sem útskrifuðust frá Fjölbrautarskóla Norðurlands Vestra sem FÍV er í samstarfi við um nám í húsasmíði. Stúdentar voru 23, þar af fimm sem um leið ljúka sjúkraliðabraut. Fimm luku námi á sjúkraliðabraut, tveir með B stig í vélstjórn og einn af starsbraut.

Þetta kom fram í yfirferð Telmu Gísladóttur, aðstoðarskólameistarara um starfið á vorönn. Var að venju fjölmenni við útskriftina sem fór fram í sal skólans. Voru verðlaun og viðurkenningar veittar fyrir góðan námsárangur.

Viðurkenningar fyrir nám og störf

Viðurkenningar fyrir nám í Akademíu ÍBV og FÍV fengu Birta Líf Agnarsdóttir, Magnúsi Sigurnýjasi Magnússon, Ragna

Sara Magnúsdóttir, Sara Sif Jónsdóttir, Selma Björt Sigursveinsdóttir og Sigurlás Máni Hafsteinsson.

Verðlaun fyrir góðan árangur í dönsku fékk Birta Líf Agnarsdóttir. Viðurkenningu fyrir mjög góðan heildarárangur í félagsvísindagreinum á stúdentsprófi fékk Valgerður Elín Sigmarsdóttir. Verðlaun fyrir mjög góðan árangur í efnafræði á stúdentsprófi fékk Arína Bára Angantýsdóttir. Drífandi stéttarfélag veitti Hafþóri Loga Sigurðssyni, Selmu Björt Sigursveinsdóttur og Magnúsi Sigurnýjasi Magnússyni verðlaun fyrir félagsstörf á vegum skólans.

Verðlaun skólans fyrir mjög góðan árangur í íslensku á stúdentsprófi fékk Karen Eir Magnúsdóttir. Menntaverðlaun Háskóla Íslands fyrir mjög góðan árangur á stúdentsprófi hlaut Birta Líf Agnarsdóttir. Þá fékk hlaut Arína Bára verðlaun frá Íslenska



Arína Bára og Ragna Sara stóðu sig frábærlega í lokaprófunum.

stærðfræðifélaginu fyrir frábæran heildarárangur í stærðfræði.

Ragna Sara Magnúsdóttir, sem var með 8,9 í meðaleinkunn fékk viðurkenningu skólans fyrir mjög góðan heildarárangur á stúd-

entsprófi. Loks fékk Arína Bára Angantýsdóttir, sem var með 9,3 í meðaleinkunn viðurkenningu skólans fyrir frábæran heildarárangur á stúdentsprófi.

Helga Kristín Kolbeins skólameistari:


Verið óhrædd við þau verkefni sem lífið færir ykkur

„Við trúum að hægt sé að gera góðan skóla að enn betri skóla og við sjáum að þekking og færni til þess er til staðar. Við erum sífellt að spyrja okkur spurninga um hvernig við viljum móta skólann til framtíðar. Á sama tíma erum við að spyrja okkur hvernig við viljum sjá okkur sjálf sem þjóð, hvernig við skiljum sögu okkar og hvernig við viljum móta samfélag okkar til framtíðar,“ sagði Helga Kristín Kolbeins skólameistari Framhaldsskólans þegar honum var slitið.

Hún sagði áherslu lagða á að nemendur tileinki sér sér listina að læra og að árangur náist með símenntun og löngun í að læra meira og afla sér frekari menntun-

ar. Nemendur öðlist færni til frekari menntunar og til að taka þátt í atvinnulífinu. Geti sinnt sínu fagi, vaxið og þroskast, fái hagnýta og tæknilega kennslu sem nýtist þeim í vinnu og daglegu lífi með áherslu á að efla leiðtoga- og stjórnendahæfni.

„Í skólanum er þannig lögð áhersla á að nemendur læri til að vita, þeir læri til að gera og einnig þurfa þeir að læra að vera. Menntun er fyrst og fremst fólgin í eflingu dómgreindar sem er hæfileiki til að fella dóma um gildi hlutanna og hvers sem vera skal,“ sagði Helga Kristín. Í ávarpi sínu til nemenda sagði hún skólann verða dæmdan af þeim og frammistöðu þeirra og



Helga Kristín skólameistari.

hegðun. „Sýnið samferðafólki ykkar og umhverfi virðingu og alúð og sýnið sjálfum ykkur þá virðingu að ganga ekki á rétt annara eða vera með einhver óþarfa leiðindi. Þið hafið staðið ykkur vel og verið skólanum til sóma.“

Að lokum óskaði Helga Kristín nemendum velfarnaðar, þeir lifðu í minningunni og skólinn gerði væntingar til þeirra. „Ég veit að þið eigið ykkur drauma og væntingar um framtíðina, megi það allt rætast, en gefist ekki upp, þó móti blási. Við Eyjamenn vitum manna best að vindurinn er einungis logn á fleygiferð. Verið óhrædd við þau verkefni sem lífið færir ykkur.“

Thelma Gísladóttir aðstoðarskólameistari:

Töfrar skólans eru samstarf starfsfólks og nemenda

Alls hófu 215 nemendur nám á vorönn á tólf mismunandi brautum og voru yfir 70 áfangar í boði. Verknám við skólann er í sókn, var jöfn bóknámi í vetur og líkur á að iðnnám taki fram úr bóknáminu í haust. Þetta var meðal þess sem kom fram í yfirliti Thelmu Gísladóttur, aðstoðarskólameistara og skólinn stefnir hátt.

„Okkar markmið er að vera meðal fimm bestu skóla á landinu. Er það komið langt, lengra en marga grunar,“ sagði Thelma og staðfestingin er það hrós sem fyrrum nemendur fá fyrir framúrskarandi vinnubrögð, samskiptahæfni og góða kunnáttu. Við vitum að töfrarnir sem verða til í þessum skóla eru samstarf starfsfólks og nemenda. Því skólinn verður aldrei betri en mannauðurinn sem við hann starfar. Við hræðumst ekki verkefni framtíðarinnar heldur tökum þeim fagnandi.“

Thelma rakti starfið á önninni. Nefndi samstarf við ÍBV með akademíu í knattspyrnu og handknattleik með þáttöku 19 nemenda. Depurð í febrúar var



Thelma Gísladóttir, aðstoðarskólameistari.

mætt með sprelli á dönskum dögum. „Og viti menn, gleðin kviknaði á ný,“ sagði Thelma.

Miklu meira en nám

Margt var í boði á önninni. Leikarinn Jóel Sæmundsson, leikari, Eyjakonan og markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir og eiginmaður hennar Einar Örn og Már Gunnarsson margfaldur Íslandsmethafi, Olympíufari og tónlistarmaður héldu fyrirlestra. Eyjastelpurnar Inga Birna Sigurðardóttir og

Gígja Sunneva Bjarnadóttir komu og fræddu nemendur um andleg og geðræn málefni ungs fólks.

Arína Bára Angantýsdóttir og Einar Þór Jónsson sköruðu fram úr í ritgerðarsamkeppni um mál efni Sameinuðu þjóðanna. Þau koma til með ferðast um landið með keppendum víðvegjar úr heiminum í sumar og fara í framhaldinu með hópnum til New York. „Við erum afar stolt af fulltrúum okkar skóla og óskum þeim innilega til hamingju,“

sagði Thelma.

Árshátíðin, sem nemendur sáu um að öllu leyti varð ein glæsigasta sem haldin hefur verið í skólanum.

Nemendur í nýsköpunaráfanganum á stúdentsbrautinni tóku þátt í keppninni Ungir frumkvöðlar. Tvö verkefni komust í úrslit.

Skólinn fékk nafnbótina fyrir myndar stofnun og var í öðru sæti í vali á stofnun ársins.

Í lok annar var haldin myndlistasýning og ljóst að nemendur skólans kunna að skapa og tjá sig í gegnum listina. Skólinn tekur nú þátt í erlendu samstarfsverkefni og fóru fjórir nemendur og tveir kennara í vel heppnaða og lærdómsríka ferð til Tallin í Eistlandi.

„Mig langar að lokum að þakka ykkur útskriftarnemendum fyrir allar góðu samverustundirnar og samstarfið. Það hefur verið ánægjulegt að fá að vinna með ykkur og fylgjast með ykkur styrkjast og dafna, bæði sem nemendur og sem einstaklingar,“ sagði Thelma



DAGSKRÁ

Sjómannadagshelgarinnar 2022

FIMMTUDAGUR 9. JÚNÍ

KL. 16.00 Sjómannablaði Vestmannaeyja dreift um bæinn

Skátarnir dreifa Sjómannadagsblaðinu frítt í öll hús í Vestmannaeyjum. Fimleikafélagið sér um merkjasölu. Takið vel á móti sölubörnunum.

KL. 10.00 Sjómannadagshelgin í söfnunum:

- 17:00 Í Einarsstofu – myndlistasýning Villa á Burstafelli.
Opið í Sagnheimum, byggðasafni í Safnahúsinu.
Einnig er opið í Landlyst og Stafkirkjunni á sama tíma.

KL. 18.00 Ölstofa The Brothers Brewery

Sjómannabjórinn 2022 – kynntur kl. 18:00. Kemur á dælu við hátíðlega athöfn.
Opið 12.00 til 23.00.

FÖSTUDAGUR 10. JÚNÍ

KL. 08.00 Golfskálinn

Opið Sjómannamót Ísfélags Vestmannaeyja í golfi. Skráning í síma 481-2363 og á golf.is. Vegleg verðlaun í boði. Mótið stækkar og stækkar á hverju ári og við mælum með að þið skráið ykkur snemma.

KL. 21:00 Tónleikar í Höllinni

Classic Rock með Matta & Magna
Húsið opnar kl. 20:00

KL. 12.00 Ölstofa The Brothers Brewery

- 24:00 Sjómannalög, létt og þægileg stemning.

Opið frá 16.00 Frúin góða vínbar með opið alla helgina

Opið frá 16.00 Lundinn með opið alla helgina.



LAUGARDAGUR 11. JÚNÍ

KL. 11.00 Dorgveiðikeppni SJÓVE og Sjómannadagsráðs á Nausthamarsbryggju

Vegleg verðlaun, stærsti fiskur, flestir fiskar og fleira.
Svali og prins póló fyrir þátttakendur.

KL. 13.00 Sjómannafjör á Vigtartorgi:

Séra Viðar blessar daginn.
Kappróður, koddaslagur, tuðrukvartmíla, lokahlaup, sjómannapraut, foosball
völlur á staðnum, þurkkoddaslagur. Blöðrudýr fyrir krakkana.
Hoppukastalar. Ribsafari býður ódýrar ferðir.
ÍBV verður með poppkorn, og Kjörís í fjölbreyttu úrvali
Blaðrarinn mætir á svæðið og ýmsar þrautir.

KL. 13.00 Sýningar á munum Sagnheima, náttúrugripasafns

fyrsti áfangi sýningar á munum Sagnheima, náttúrugripasafns
opnaður í húsnæði Sea Life Trust við Ægisgötu.
Opið lau 10-16 / sun 13-16.

KL. 23.00 Sjómannaball, Hreimur Viggi & hljómsveit.

Veislustjórar Benni og Fannar úr Hraðfréttum.
Sjómannabjórinn á uppboði!

Húsið opnar kl. 19:00, matur hefst kl. 20:00

SUNNUDAGUR 12. JÚNÍ

KL. 10.00 Fánar dregnir að húni

KL. 13.00 Sjómannamessa í Landakirkju

Séra Viðar predikar og þjónar fyrir altari.
Eftir messu sér Geir Jón um minningarathöfn við minnisvarða hrapaðra og drukknadra.
Lúðrasveit Vestmannaeyja leikur nokkur lög.
Blómsveigur lagður að minnisvarðanum.

KL. 14.00 Eykindilskaffi

- 17:00 Glæsilegar kræsingar Eykindilskvenna í Akóges.

KL. 15.00 Hátíðardagskrá á Stakkó

Lúðrasveit Vestmannaeyja leikur undir stjórn Jarls Sigurgeirssonar.
Heiðraðir aldnir sægarpar. Valmundur Valmundsson stjórnar.
Karlakór Vestmannaeyja flytur nokkur lög undir stjórn Þórhalls Barðasonar.
Ræðumaður sjómannadagsins er Kári Bjarnason.
Verðlaunaafhending fyrir kappróður, koddaslag, lokahlaup, sjómannapraut,
dorgveiðimót og sjómannamótið í golfi.
Leikfélagið, hoppukastalar, Kjörís, popp og svali.

SÝNINGAR & SÖFN

ELDHEIMAR 11:00 - 18:00 || EINARSSTOFA 10:00 - 17:00 || HVÍTA HÚSIÐ 14:00 - 18:00

LANDLYST, STAFKIRKJAN 10:00 - 17:00 || SAGNHEIMAR, BYGGÐASAFN 10:00 - 17:00

SJÓMINJASAFN ÞÓRÐAR RAFNS 13:00 - 16:00

SÝNINGAR Á MUNUM SAGNHEIMA, NÁTTÚRUGRIPASAFNS lau 10-16 / sun 13-16.

15% afsláttur í Sea Life fyrir alla sjómenn og fjölskyldur þessa helgi!

TILKYNNING FRÁ SJÓMANNADAGSRÁÐI

Peir sem ætla að taka þátt í kappróðrinum og öðrum dagskráratriðum vinsamlegast hafið samband á facebook síðu Sjómannadagsráðs eða í neðangreinda síma ráðsins: 869-4449, 697-9695 eða 898-7567.





Tíundi bekkur, RR – Kennari Ragnheiður Reynisdóttir.



Tíundi bekkur, GJ – kennari Guðríður Jónsdóttir.

Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri:

Krakkar sem má vænta mikils af

„Að klára grunnskóla er eitt af tímamótum í lífi hvers og eins og það þýðir að nú er nýr kafli að taka við, nýtt tímabil þar sem tækifæri gefast til að takast á við ný og verðug verkefni sem eiga vonandi eftir að færa ykkur gæfu í framtíðinni,“ sagði Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri þegar hún sleit Grunnskólanum á fimmtudaginn. Skólaslitin voru í Höllinni og fjölmenni fagnaði krökkunum á þessum tímamótum.

Árgangur 2006 er ekki stór, 48 nemendur í tveimur bekkjum en Anna Rós sagði að það hefði ekki spilt fyrir. Hópurinn væri skemmtilegur og þau hafi staðið sig vel í námi og leik. „Hér er ungt fólk sem ég er viss um að

við eigum eftir að sjá mikið af í framtíðinni. Við ætlum að leyfa nokkrum af þessu hæfileikaríka fólki að sýna sig hér í dag,“ sagði Anna Rós sem í lokin ræddi framtíð nemenda.

„Það skiptir ekki endilega máli hvaða skóla þið veljið að fara í, heldur er þetta í ykkar höndum, hvar hæfileikar ykkar og áhuga-svið liggja og hvað maður er tilbúinn að leggja á sig til að ná settu markmiði. Ef ég á að gefa ykkur skilaboð út í framtíðina þá myndi ég segja ykkur að vera trú sjálfum ykkur og þorið að vera þið sjálf. Eltið ykkar eigin drauma og munið að það er í lagi að gera mistök svo framarlega sem þið lærið af þeim.“



Hrafnhildur Ýr Steinsdóttir útskrifast með A í öllum bóklegum greinum auk textílmenntar.



Jason Stefánsson skaraði fram úr í íslensku og ensku.



Helga Björt Alfreðsdóttir, Hjalti Jónasson, Kristján Ólafur V. Hilmarsson og Valdís Bylgja Elvarsdóttir fengu viðurkenningu fyrir framfarir í námi.

Viðurkenningar: Hrafnhildur Ýr með A í öllum bóklegum

Eftirtalin fengu viðurkenningar:
Kári Kristján og Sigríður Inga Kristmannadóttir afhentu nemendum Íþróttakademíunnar viðurkenningu fyrir þátttökunnar í vetur.

Hrafnhildur Ýr Steinsdóttir fékk viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í öllum greinum, útskrifast með A í öllum bóklegum greinum auk textílmenntar.

Jason Stefánsson fékk verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í íslensku og ensku.

Rakel Perla Gústafsdóttir fékk verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í textílmennt.

Á hverju ári er nemendum sem sýnt hafa miklar framfarir í námi. Þau er gefin af Karen Tryggvadóttur í minningu Sigurlásar Þorleifssonar fyrrum skólalæra. Þau hlutu Helga Björt Alfreðsdóttir, Hjalti Jónasson, Kristján Ólafur V. Hilmarsson og Valdís Bylgja Elvarsdóttir.

Edward Jón Þórarinnsson fékk viðurkenningu fyrir að vera einstaklega liðlegur í félagsstörfum, hann sat í skólaráði fyrir hönd nemenda, var formaður nemendaráðs og tók vel á á móti og aðstoðaði Egor, sem kom frá Úkraínu, þegar hann kom í skólann. Alltaf boðinn og búinn til að aðstoða.

um, hann sat í skólaráði fyrir hönd nemenda, var formaður nemendaráðs og tók vel á á móti og aðstoðaði Egor, sem kom frá Úkraínu, þegar hann kom í skólann. Alltaf boðinn og búinn til að aðstoða.

Viðurkenningar fyrir lokaverkefnið

Besta verkefnið: Hver eru langvarandi áhrif eldgossins á Heimaey árið 1973 fyrir fólkið sem bjó í Vestmannaeyjum þegar gaus? Hrafnhildur og Helga

Besta kynningin: Hver er mismunur milli kynja í fótbolta? Embla, Rakel og Sara

Besta heimasíðan: Hvernig sameinar tónlist fólki? Kristján, Friðrik og Gísli

Frumlegasta verkefnið: Hver er munurinn á því að koma út úr skápnum í litlu eða stóru bæjarfélagi? Herdís, Íva, Berta og Margrét

Flottasti básinn: Hvernig hafa orkuskipti bílaflotans verið á Íslandi á þessari öld? Bergur, Hafsteinn, Ingimar.



Margrét Helgadóttir og Íva Brá Guðmundsdóttir hleyptu lífi í salinn með hressilegri og vel fluttri kveðju frá nemendum.

Lokaverkefni sem skipta máli

Það var mikið líf í Barnaskólunum á miðvikudaginn þegar tíundu bekkingar sýndu fjölbreytt verkefni sem þau unnu að síðustu tíu dagana í skólanum. Alls voru verkefni átján þar sem leitað var svara við áleitinustu spurningum samtímans, orkuskiptum bílaflotans, vinsælt borðspil kynnt, áhrif tónlistar á samskipti fólks, algeng meiðsl íþróttafólks, áhrif síma á unglinga og krossarar áttu sinn bás. Og reynt var að svara spurningunni, hvers vegja byrjaði stríðið í Úkraínu? Mismunur kynja í fótbolta, streymisveitur,

samfélagsmiðlastjórnur, fótbolta, vandinn við að koma út úr skápnum, orkudrykkir og tölvur var meðal þess sem var skoðað.

Fjölmennni mætti að skoða básana og á eftir kynntu krakkarnir hvert sitt verkefni, ófeimin og notuðu alla tiltæka tækni til að koma niðurstöðum á framfæri. Skemmtileg hefð sem sýnir sterka stöðu Grunnskóla Vestmannaeyja og frábær leið til að efla útskriftarnema í að takast á við fjölbreytt verkefni, safna upplýsingum, greina kjarnann frá hisminu og kynna að verki loknu.



Bergur, Hafsteinn og Ingimar áttu flottasta básinn, orkuskipti bílaflotans.



Andri, Mikael og Jón Valgarð voru með svör við því, hvað er kjarnorka.



Hrafnhildur og Helga áttu besta lokaverkefnið, áhrif gossins.

Mikið um dýrðir á lokahófi handboltans:

Sunna og Rúnar bestu leikmennirnir

Það var mikið um dýrðir á lokahófi handboltans í Kiwanis á laugardagskvöldið og tilefni til að fagna þó engir væru titlarnir þetta árið. Konurnar komust í úrslita-keppnina og karlarnir voru nálægt því að hirða Íslandsmeistaratitilinn af Valsmönnum sem unnu titilinn annað árið í röð. Konurnar náðu líka eftirtektarverðum árangri í Evrópukeppni og öðluðust þar reynslu sem skilaði sér í Ólísdeildinni.

Særindin voru grafin og gleymd í hófinu sem Grétar Þór Eyþórsson, fyrrverandi leikmaður og formaður handknattleiksdeildar stýrði að snilld. Einsa Kaldi sá um matinn sem rann ljúflega niður. Mörgum var þakkað enda þarf sterka heild til að ná árangri í hóp-íþróttum. Kraftmikill hópur sem hefur skilað ÍBV í fremstu röð í handbolta karla og kvenna.

Hápunkturinn var verðlauna-veiting og fyrst voru það Fréttabikararnir sem Ómar Garðarsson, nýráðinn ritstjóri Eyjafréttar afhenti. Komu þeir í hlut Elmars Erlingssonar og Söru Drafnar Richardsdóttur. Ómar sagði að Fréttabikararnir ættu sér bráðum 35 ára hefð og það væri heiður fyrir Fréttir og seinna Eyjafréttir að fá að taka með þessum hætti þátt uppskeruhátíðum handbolta og fótbolta.

„Fyrir rúmri viku hefði mér ekki dottið í hug að ég ætti eftir að standa hér,“ sagði Ómar og byrjaði á að óska Sunnu Jónsdóttur sem valinn var besti varnarmaður Ólísdeildarinnar til hamingju. Sagði að þeir hefðu mátt vera fleiri leikmennirnir úr röðum ÍBV. „Ég er ekki viss um að allir Vestmannaeyingar geri sér grein fyrir mikilvægi ÍBV fyrir bæjarfélagið. Það er ekki bara að félagið sé að skila okkur frábæru íþróttafólki, heldur líka fólki sem öðlast færni í félagsstarfi. Þið sem hér eruð eru gott dæmi um það, bæði leikmenn og þið sem haldið utan um starfið.“

Mínumst þess líka að félagið hefur alið upp fólk eins og Heimi Hallgríms, Hemma Hreiðars, Ásgeir Sigurvins, Vigdís Sigurðar, Ingibjörgu Jóns, Erling Rikka, Arnar Péturs, Elliða Snæ og svo miklu fleiri. Allt fólk sem borið hefur hróður okkar, ekki bara hér á landi heldur um heiminn allan. Svo ekki sé minnst á stóru ungmennamótin og þjóðhátíðina sem draga til sín þúsundir á hverju ári.“

Elmar tók við Fréttabikarnum en Sara Dröfn var á leið til Færeyja að keppa með landsliði og tók Amalía Einarisdóttir við bikarnum fyrir hennar hönd.



Öflugar konur, Tara Sól Úranusdóttir, Sunna Jónsdóttir og Ólög María Stefánsdóttir.



Þeir þóttu skara fram úr, Arnór Viðarsson, Björn Viðar Björnsson og Rúnar Kárasen.

Hjá meistarflokki kvenna fékk Tara Sól Úranusdóttir markvörður viðurkenningu fyrir mestu framfarir. ÍBV-arinn var Ólög María Stefánsdóttir, skytta og besti leikmaður, Sunna Jónsdóttir, leikstjórnandi.

Hjá körlunum þótti Arnór Viðarsson, skytta hafa sýnt mestu framfarirnar. ÍBV-arinn var Björn Viðar Björnsson, markvörður og besti leikmaður, Rúnar Kárasen, skytta.

Grímur Hergeirsson, aðstoðarþjálfari karlalíðsins tilkynnti að hann yrði ekki áfram hjá ÍBV. Svo var það senuþjófurinn, Claes Engelbrektsson unnusti Birnu Berg Haraldsdóttur sem kallaði sína heittlelskuðu upp á svið og bað hennar. Og hún sagði já og kastaði sér upp um hálsinn á honum. Eftirminnilegt augnablik og sáust jafnvel hörðustu karlar þurrka rykkorn úr auga.



Margt gerist á handboltaslúttum en Claes sló öðrum við þegar hann bað Birnu að giftast sér.



Á tímamótum. Grímur er að hætta sem aðstoðarþjálfari og Erlingur er hætta með hollenska landsliðið.



Það var þétt setinn salur Kiwanis á lokahófi handboltans.



Elmar með Fréttabikarinn en Amilía tók við bikarnum fyrir hönd Söru Drafnar sem var að spila með yngra landsliði í Færeyjum.

Fréttabikarhafar, leikmenn sem eiga framtíðina fyrir sér:

Hafa náð langt þrátt fyrir ungan aldur

Elmar Erlingsson er fæddur 2004 og verður 18 ára á árinu. Hann er bráðefnilegur leikstjórnandi, býr yfir miklum hraða og hefur mikla yfirsýn og sérlega góðan leikskilning miðað við aldur og skilar sínu varnarlega. Elmar er mjög metnaðarfullur og sést það í öllu sem hann gerir.

Elmar spilaði með þriðja flokki á tímabilinu og kom inn í meistaraflökkshóp IBV í haust. Hann hefur vaxið hratt og sýndi frábæra takta alla úrslitakeppnina og alveg ljóst að hann hefur stimplað sig vel inn í lið IBV.

Samhliða því að leika með IBV hefur Elmar spilað með öllum yngri landsliðum Íslands og verður í eldlínunni í sumar með U18 ára landsliði Íslands.

Sara Dröfn Richardsdóttir er fædd 2005 og varð 17 ára á árinu.

Sara Dröfn er ung og efnileg, örvhent hornamaður sem getur einnig spilað sem skytta. Sara er góður liðsmaður og frábær að vera með í hóp. Flinkur hornamaður með góða skothönd, góðan leikskilning og skilar sínu varnarlega. Sara mætir á allar aukæfingar og er öflug í lyftingu með metnað til að ná langt.

Hún er í þriðja flokki, meistaraflökki auk landsliða í yngri flokkum. Sara Dröfn var í flottu liði IBV sem endaði í fjórða sæti í deild og tapaði í undanúrslitum bæði í bikar og í keppni um Íslandsmeistaratilinn.

Sara Dröfn spilaði æfingaleiki við Færeyjar um helgina. Sara Dröfn mun spila með IBV á næsta ári og eru bundnar miklar væntingar við þennan frábæra efnilega leikmanns.

Skuldar mér ennþá marengs

EYJAMAÐURINN

Í síðustu viku hélt HSÍ verðlauna- og lokahóf Olís- og Grill66 deilda karla og kvenna. Þar voru veitt ýmis verðlaun til leikmanna, þjálfara og dómara sem hafa þótt skara fram úr í vetur. IBV átti einn fulltrúa í hópi verðlaunahafa, en hún Sunna Jónsdóttir var valin besti varnarmaður deildarinnar. Er þetta annað árið í röð sem Sunna hlýtur þessi verðlaun og er hún vel að þeim komin. Sunna er Eyjamaðurinn að þessu tilefni.

Fullt nafn: Sunna Jónsdóttir
Hverra manna ert þú: Pabbi er frá Vopnafirði og mamma er frá Blönduósi, þau búa nú bæði á höfuðborgarsvæðinu. Ég á einn bróður og svo á ég bónus mömmur og bónus systkini.
Fjölskylduhagir: Er í skráðri sambúð með Birni Viðari Björnssyni og við eigum einn 4 ára strák.

Íþróttaherill: Ég byrjaði minn feril í íþróttafélaginu Fylki í Árbænum. Fór svo yfir í Fram áður en ég fór erlendis að spila handbolta. Ég spilaði bæði í Svíþjóð og Noregi áður en ég kom hingað til Vestmannaeyja og IBV.

Hvað fékk þig til að koma til Eyja: Arna Sif Pálsdóttir, IBV og allt sem heillaði mig í kringum það. Auk þess lofaði Hrabba Skúla mér lambalæri og marengs ef ég myndi skrifa undir. Hún skuldar mér ennþá marengs.

Fyrirmynd: Ég sæk innblástur á marga staði. En foreldrar mínir og allskonar íþróttagoðsagnir standa upp úr.

Mottó: Hakuna matata.

Síðasta hámhorf: Solsidan.

Aðaláhugamál: Íþróttir og ferðalög.

Uppáhalds app: Instagram og Spotify.

Uppáhalds hlaðvarp: Snorri Björns.

Hvað óttast þú mest: Dauðann.

Hvaða tónlist kemur þér í gott skap: íslensk músík.

Hverju þakkar þú þinn góða árangur í vörn IBV

síðustu tvö tímabil: Vörn er heildarþakki og því hvorki í framkvæmd né á ábyrgð einnar



Sunna Jónsdóttir.

manneskju. Því þakka ég liðsfélögum mínum og þjálfurum fyrir þann árangur. Svo snýst þetta líka um að berjast og hafa gaman af því.

Framtíð þín í boltanum: Já ég held að framtíðin sé virkilega björt. Ég allavega gerði nýjan 3 ára samning við IBV í vetur og hlakka til að leggja mig alla fram þar og með landsliðinu. Vonandi slepp ég við meiðsli, held áfram að bæta mig og hafa gaman af þessu.

Hvar sérðu lið IBV á næsta tímabili: Liðið verður á spennandi stað. Við höldum eiginlega alveg sama liði og erum með góða blöndu af leikmönnum. Við erum staðráðin í að gera enn betur en í vetur og halda áfram að bæta okkur. Draumurinn væri náttúrulega að vinna titil.

Góð ráð til ungra iðkenda: Æfingin skapar meistarann! Og auðvitað að hafa gaman, svo skilar sér að reyna alltaf að vera góður liðsfélagi.

Eitthvað að lokum: Takk fyrir stuðninginn í vetur. Það er best að búa í Vestmannaeyjum og vera í IBV.



TIL HAMINGJU MEÐ
DAGINN SJÓMENN!



VSV

VESTMANNAEYJAR
ICELAND

Engin uppgjöf

Hermann Hreiðarsson, sem tók við þjálfun karlaliðs ÍBV í knattspyrnu eftir síðustu leiktíð, hefur heldur betur fengið erfiða byrjun með liðið sem spilar nú á ný í efstu deild; Bestu deildinni. Enn er enginn sigur kominn í hús og liðið er nú þegar dottið úr keppni í Mjólkurbikarnum.

Blaðamaður spyr, líkt og svo margir; hvað er að? Og hvar er kraftmikli Eyjaandinn sem fylgir svo oft okkar íþróttafólki inn á völlinn? Við tókum spjall við okkar eina sanna Hemma Hreiðars og fengum hann til að fara yfir málin með okkur.

Það var glaðbeittur og öruggur Hemmi sem tók á móti blaðamanni: „Já, ég er bara hjartsýnn á gengi liðsins, hér er engin uppgjöf og fullt af karakter í liðinu.“

Þessi jákvæði tónn kom blaðamanni nokkuð á óvart og það um betri útskýringar.

„Það sést kannski ekki alveg á niðurstöðunni núna og við erum full meðvitaðir um það, hvar við erum staddir í deildinni. En við erum með ungt lið, hér eru nýjir leikmenn að stimpla sig inn og spila frábærlega. Sjálfstraustið er smám saman að aukast, sem skilar sér í öruggari leikmönnum og samstilltara liði. Við vorum óheppnir snemma í vetur, fengum meiðsli í hópnum á slæmum tímamarki, en nú er það loksins að komast í stand. Við höfum verið með styrktarþjálfara í okkar búðum, sem hefur meðal annars hjálpað okkur uppúr þessum meiðslum, og hann verður áfram með okkur í allt sumar.“

Þegar viðtalið fór fram, var ekki liðinn sólarhringur frá tapleik ÍBV við Stjörnuna á útivelli þar sem leikmaður ÍBV á bekknum fékk rautt spjald. Hvað var að gerast þarna, er liðið í bullandi agavandamálum eins og sumir vilja meina?

„Það sem þarna gerðist var mjög klaufalegt; leikmaður sem er nýfarinn af velli, fær rautt spjald á bekknum, þetta lítur auðvitað ekki vel út. Það eru rosa tilfinningar í spilin og hiti í mönnum. Allir sem horfðu á völlinn og sáu atvikið þar, voru sammála um að þarna hefði átt að dæma víti. Fjöldi áhorfenda í stúkunn stóð upp í hita leiksins og kallaði eftir víti. Það gerði einnig þessi leikmaður og það sem gerist í leiðinni er að hann stígur í ógáti aðeins inn á völlinn. Reglurnar í fótbolta eru bara þannig að þegar leikmaður sem ekki er í leik, stígur inn á völlinn, þá ber dómara að gefa rautt spjald, það er ekkert

”

Við munum nýta þetta hlé alveg í botn, það er ennþá fullt af leikjum eftir og við ætlum okkur að snúa þessu við. Það er alveg að fara að gerast, eins og það sé stífla sem eigi eftir að bresta. Því mun fylgja enn meira öryggi og trú.

hægt að þræta um það. Ég ræddi við dómara eftir leik og hann var miður sín yfir að hafa þurft að veita þetta rauða spjald. Eins og ég segi; bara klaufalegt, en við lærum af þessu.“

Og Hemmi heldur áfram; „Í raun og veru er tölfræðin okkar í leikjunum sjálfum ekkert svo slæm, það er ekki eins og við séum í nauðvörn. Og 0-1 tap á móti Stjörnunni, sem er miklu ofar í stigatöflunni en við, eftir hörkuleik er ekki eitthvað sem ég er ósáttur við. En svo eru það

svona nokkur lítil atvik nánast eftir hvern einasta leik, sem hefðu getað fallið í hvora áttina sem er, sem hafa bara ekki verið að falla með okkur.“

Nú er landsleikjahlé í deildinni og næsti leikur ekki fyrr en 15. júní, hvernig munuð þið nýta þetta hlé?

„Við munum nýta þetta hlé alveg í botn, það er ennþá fullt af leikjum eftir og við ætlum okkur að snúa þessu við. Það er alveg að fara að gerast, eins og það sé stífla sem eigi eftir að bresta. Því mun

fylgja enn meira öryggi og trú. Við erum tilbúnir að leggja allt í sölurnar og ég er viss um að þetta mun jafnast út á endanum. Það er eldhugur í liðinu, mikil stemning og við komum fjóreflir til baka. En við þurfum að vanda okkur og taka öll atriði alvarlega.“ „Stuðningur úr stúkunn er alltaf góður, orkan og tryllingurinn þaðan skilar sér alveg inn á völlinn. Núna þegar handbolta vertíðinni er alveg lokið munu stuðningsmenn ÍBV kannski skila sér betur á völlinn til okkar.“

Hermann Hreiðarsson, þjálfari meistaraflokks ÍBV karla.

Margrét Lára hefur fulla trú á liðinu: Þurfa að standa saman og spila með hjartanu

„Það má segja að það hefur verið brekka hjá karlaliði ÍBV í upphafi móts. Fá stig í húsi, of fá mörk skorud og of mörg mörk fengin á sig. Ekki besta uppskriftin að árangri. Lykil-leikmenn hefur skort leikform og erlendu leikmennirnir að slípast inn í liðið,“ sagði Margrét Lára Viðarsdóttir um stöðu liðsins.

„Skipstjórinn í brúnni er einn af okkar allra dádustu Eyja-þeyjum, Hermann Hreiðarsson og liðið byggist að stórum hluta á uppöldum mönnum í bland við góða íslenska og erlenda leikmenn. Ég hef fulla trú á því að liðið mun innan fárra leikja snúa við taflinu og sýna hvað í þeim býr. Með Eyjastemningu, góðri

liðsheild og góðu skipulagi mun liðið vonandi ná betri frammistöðu og þar með betri úrslitum. Nú reynir á að menn standi saman, spili með hjartanu og vinni markvisst að því að halda ÍBV í deild þeirra bestu þar sem það á alltaf heima,“ sagði Margrét Lára.

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum
bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



**SKIPALYFTAN EHF
VESTMANNAEYJUM**

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum
bestu kveðjur
á sjómannadaginn*

Deloitte.

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum
bestu kveðjur
á sjómannadaginn*


*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



GEISLI

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*





Páll Magnússon

- oddviti H-listans:

Árangur H-listans hreint út sagt frábær

Það er sama hvernig á það er litið – árangur H-listans, Fyrir Heimaey, í bæjarstjórnarkosningunum í síðasta mánuði var hreint út sagt frábær. Listinn fékk rétt tæplega 36% atkvæða og var sá eini sem jók fylgi sitt hlutfallslega frá kosningunum 2018. Og meirihluti inn hélt velli.

Skýringarnar á þessum góða árangri eru eflaust margþættar – en augljóslega vegur þar þyngst ánægja Eyjamanna með þá forystu sem Fyrir Heimaey hefur veitt bæjarfélaginu síðustu fjögur árin. Sú jákvæða reynsla bæjarbúa kveikir síðan og styrkir eðlilegar væntingar þeirra til áframhaldandi góðra verka H-listans. Afar sterkur framboðslisti, sannfærandi stefnuskrá og jákvæð kosningarárátta koma hér auðvitað líka við sögu.

Ég tel að kosningabaráttan hafi í öllum aðalatriðum verið sanngjörn og uppbyggileg, a.m.k. af hálfu frambjóðendanna sjálfra. Það eru talsverð umskipti frá kosningunum 2018. Ég tel líka ýmsar vísbendingar um að samstarfið í bæjarstjórn geti orðið betra næstu fjögur árin en það var á síðasta kjörtímabili.

Nýir tímar?

Velgengi H-listans – og nokkurra annarra framboða – sem ekki eiga sér spegilmyndir á Alþingi eins og á Akureyri og Ísafirði – kveikir líka aðrar spurningar. Mun vegur framboða af þessu tagi, sem eiga

sér eingöngu skírskotun til hagsmuna viðkomandi sveitarfélags, vaxa á kostnað hinna sem bundin eru flokkum í landsmálapólitíkinni? Er sú binding kannski orðin tímaskekkja? Á maður t.d. ekki að geta kosið um menn og málefni í bæjarstjórnarkosningum í Vestmannaeyjum án þess að vera í leiðinni, beint og óbeint, að taka afstöðu til aðferða við sölu á Íslandsbanka eða orkupakka Evrópusambandsins?

Því var stundum haldið fram í kosningabaráttunni hér í Eyjum að það yrði mikill styrkur fyrir Eyjamenn að hafa flokk í meirihluta í bæjarstjórn sem ætti hvorki fleiri né færri en fimm ráðherra í ríkisstjórninni. Það myndi tryggja hagsmuni Eyjamanna. En er það svo? Eitt þyngsta kjaftshögg sem ríkisvaldið hefur gefið Eyjamönnum síðustu áratugina var þegar skurðstofunni á sjúkrahúsinu í Eyjum var lokað 2013. Þá var D-listinn með hreinan meirihluta í bænum og oddviti hans bæjarstjóri. Þá var líka Sjálfstæðisflokkurinn einmitt með fimm ráðherra – og þar með talið bæði heilbrigðisráðherrann og fjármálaráðherrann. Sem sagt: sami flokkurinn í öllum sætunum við borðið. Samt var skurðstofunni lokað.

Mestu máli skiptir að Eyjamenn standi saman um hagsmuni sína – ekki hver er á hinum endanum.

Kannski eru að renna upp nýir tímar í sveitarstjórnarpólitík.



Njáll Ragnarsson

– oddviti H-listans:

Nú höldum við áfram!

Nú hafa Vestmannaeyingar valið þá nýu fulltrúa sem skipa bæjarstjórn til næstu fjögurra ára. Ég er ákaflega þakklátur öllum þeim sem lögðu okkur hjá Eyjalistanum lið, studdu okkur, hvöttu, og treystu okkur til þess að halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á undanfarin fjögur ár með því að greiða okkur atkvæði.

Á sama tíma óska ég öllum bæjarfulltrúum velfarnaðar í sínum störfum fyrir sveitarfélagið.

Eyjalistinn setti á oddinn áframhaldandi uppbyggingu innviða samfélagsins, sérstaklega í fjölskyldu- og skólamállum. Við teljum að mikill árangur hafi náðst á undanförunum fjórum árum og full ástæða sé til þess að halda áfram á sömu braut.

Fjárhagsleg staða Vestmannaeyjabæjar hefur sjaldan verið sterkari en hún er í dag. Þessi staða býður upp á þann möguleika að hraða enn frekar uppbyggingu innviða samfélagsins. Framundan eru stór verkefni, meðal annars viðbygging Hamarsskóla og uppbygging nýs leikskóla. Við þurfum að skoða alvarlega möguleikann á því að hraða þess-

um framkvæmdum og bregðast þannig við jákvæðri íbúabróun í bænum okkar.

Þegar fjárhagsáætlun fyrir næsta ár verður gerð þarf að sama skapi að bregðast við hækkandi fasteignamati í Vestmannaeyjum. Á síðasta kjörtímabili lækkuðu bæjaryfirvöld álagningarprösentu á íbúðarhúsnæði í þriggja og á atvinnuhúsnæði tvisvar. Nú er aftur full ástæða til þess að lækka þessar álögur á íbúa á nýjan leik og halda þeim þannig í lágmarki. Stefna bæjarins hefur á undanförunum árum verið að veita íbúum framúrskarandi þjónustu á sama tíma og álögum er haldið í lágmarki. Í mínum huga er ekki nokkur spurning um að þannig gerum við góðan bæ enn betri, löðum til okkar fólk sem vill búa hér og starfa og gerum búsetuskilyrði okkar enn betri. Þangað viljum við stefna og kosningarnar 14. maí síðastliðinn sýna að Vestmannaeyingar vilja það almennt. Nú höldum við áfram og gerum enn betur.



Eyþór Harðarson – oddviti Sjálfstæðisflokksins: Vonbrigði en fundum mikinn meðbyr

Við hjá Sjálfstæðisflokki byrjuðum í vor með prófkjöri sem kveikti líf í flokknum sem við nýttum okkur inni sjálfa kosningabaráttuna. Okkar framboðslisti var myndaður af hópi fólks úr öllum röðum samfélagsins þar sem allir lögðu sig fram um að gera kosningabaráttuna metnaðarfulla og líklega til árangurs. Samheldni og samgleði einkenndi hópinn og vinátta myndaðist á milli fólks sem lítið eða ekkert þekktist áður.

Úrslit kosninganna voru okkur vonbrigði, en við fundum fyrir miklum meðbyr síðustu dagana og vonuðumst eftir hreinum meirihluta. Við fengum 1151 atkvæði eða 44,1% og erum langstærsta stjórnmálaaflið í Eyjum. Erfitt er að meta hvað olli því að árangurinn varð ekki eins og stefnt var að. Sumir gerðu mikið úr því að við værum ekki með bæjarstjóraefni og gáfu til kynna að óþodlegt væri ef hann yrði sóttur uppá land.

Var það okkur að falli? Eða voru landsmálin eða síðustu fjögur árin í minnihlutunum að gera okkur erfitt fyrir? Engin ástæða er til þess að dvelja við þessar vanga-

veltur þar sem svarið mun aldrei fást.

Mætt til að gera góðan bæ betri

Það sem við tókum út úr þessum vikum sem eru liðnar er það að við gerðum okkar besta. Ótrúlega margir komu að baráttunni og lögðu hönd á plóg. Ég er þess fullviss að við erum búin að undirbúa jarðveg fyrir öflugt flokksstarf á næsta kjörtímabili með okkar öflugri liðsheilð sem varð til í vor.

Ég vil þakka öllum sem studdu okkar framboð með einum eða öðrum hætti. Hvort sem það var undirbúningur að stefnuskrá, sælkerakvöldi, prófkjöri, bakstri í veislurnar, greinarskrifum eða útburði á kosningaefni.

Ég átti samtöl við forystumenn E og H lista og lýsti yfir áhuga á viðræðum með meirihlutasamstarfi í huga, en því var tekið fálega og þau mynduðu meirihluta án þess að hleypa okkur að borðinu. Þrátt fyrir vonbrigðin með úrslitin, þá munum við mæta til starfa á komandi kjörtímabili til að gera góðan bæ betri.

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



Ágúst Halldórsson vélstjóri kennari ársins í FÍV:

Ekki létt að fara í spor Gísla Eiríks

„Maður renndi nú heldur betur blint í sjóinn þegar maður ákvað að slá til og verða kennari á vélstjórnarbraut við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum síðasta haust. Hvað þá að feta í fótspor Gísla Eiríkssonar sem kennt hefur í tæp tuttugu ár og verið dýrkaður og dáður af nemendum sínum öll þessi ár,“ segir Ágúst Halldórsson, vélfræðingur með meiru sem fór inn á nýja braut eftir að hafa verið vélstjóri á loðnuskipum og síðast Herjólf. Á haustönn kenndu þeir saman, Ágúst og Gísli og voru með sex áfanga sem Ágúst segir svona eftir á að hyggja hafi verið aðeins of mikið. „Það var nóg að gera, mikið fjör og stemning í krökkunum. Þetta var góður hópur af ungum og eldri nemendum, allt einstaklega gott fólk og áhugasamt. Ég verð líka að koma því að hversu stilltir krakkarnir voru, ekki alveg eins og þegar ég var peyi. Enda átti ég oft erfitt með mig í kennslunni, allt svo hljótt og rauf ég yfirleitt þögnina með sögum eða sprelli, sem var ágætis skemmtun.“

Náði fram hefndum

Ágúst segir það hafi verið mikil forréttindi að kenna með Gísla á haustönninni, læra af honum skipulag og undirbúning fyrir kennslu sem hafi verið til fyrirmyndar. „Ég man eins og það hafi gerst í gær þegar ég mætti á fyrsta kennarafundinn í hátíðarsal skólans. Allir kennarnir mættir og stór hluti þeirra var að kenna þegar ég var í Framhaldsskólanum fyrir einhverjum tuttugu árum. Þegar ég þírði augun og skimaði yfir salinn kom ég auga á kennara sem ég tapaði alltaf fyrir í borðtennis, Einar Fidda. Einar sá strax að ég horfði á hann og leit djúpt í augu mér yfir salinn. Við eins og tvö ljón í frumskógi, tilbúin í bardaga. Litum



Ágúst og Gísli Eiríksson, sem kennt hefur vélfræði í mörg ár við FÍV.



Nemendur að skoða gangverk í vél.

samtímis á borðtennisborðið og svo hvor á annan. Helga Kristín, skólameistari uppi á sviði og talar. Við heyrum ekkert, orðnir trylltir sitt hvorum megin í salnum. Fundi slitid og án þess að blikka auga röltum við að borðtennisborðinu. Einar tekur kúlu í hægri hendina, kastar upp í loftið, grípur og segir: -Til í leik?

Ég yppi öxlum og segi: - Já, já, yrði það ekki bara gaman en hugsa á sama tíma: - Djöfull ætla ég að rústa þér núna gamli minn.

Við tókum spaða. Einar kastar kúlunni og ég slæ yfir og hann tekur á móti. Svona gekk þetta koll af kolli þangað til að ég vann uppgjöfina. Á meðan ég hélt kúlunni glotti ég. Tók eftir því að hann var orðinn lélegur í hnjúnum, sá illa og auðvitað orðið löggilt gamalmenni fyrir nokkru síðan.

En til að gera langa sögu stutta rústaði ég honum auðvitað sjö núll og fagnaði eins og ég hafi unnið heimsmeistaratitil í fótbolta. Tuttugu ára bið eftir hefnd í höfn og lífið heldur betur ljúft.

Algjört jask

„Áfangarnir sex sögðu til sín þegar fór að líða á önnina. Kennsla yfirleitt frá átta til þrjú eða fjögur. Þá tók við að sækja og skutla krökkunum mínum, kaupa í matinn, elda, undirbúa kennsluna daginn eftir og fara yfir verkefni. Var stundum komið langt fram á kvöld þegar því lauk en með Gísla Eiríks var þetta hægt en algjört jask.

Ég get nú ekki skrifað um skólann án þess að minnst á starfsfólkið. Þvílíkur hópur af fjölbreyttu og yndislegu fólki.

Allir tilbúnir að hjálpa og andinn ótrúlega þægilegur og afslappaður. Í fyrsta skiptið horfði ég á fólk ræða saman og virða skoðanir hvers annars. Var fólk ósammála lét það bara vita af því og hinn aðilinn kippti sér ekkert upp við það. Annað en maður upplifði á sjónum þar sem menn eru kallaðir hálfvitar, jafnvel hótað barsmíðum þegar þeir voru ekki sammála um einstaka mál.

Oft var mér bent á málfar mitt, ég ætti ekki að blóta svona mikið sem ég tók fagnandi. Afsakaði mig með því að hafa verið til sjós með körlum eins og Sigurjóni Ingvars, Óskari Þór og Dóra Björgvins.

Upplifunin að kenna í sama skóla og maður sótti sjálfur fyrir tuttugu árum var skrýtin. Að labba sama gang og Guðbjörg Erla, síðar konan mín, blikkaði mig í fyrsta skipti. Sitja í stofum þar sem sussað var á mig í tíma og ótíma. Þar sem maður dottaði eftir of lítinn svefn eftir vaktir í FESinu og þar sem maður byrjaði að verða fullorðinn með öllu því góða og slæma sem fylgir því.

Ég er reyndar það skrýtin að mér finnst ég alltaf vera átján ára. Og stundum leið mér eins og ég væri nemandi, hefði svindlað mér inn á kennarastofuna. Fór fram og niður í sal að hanga með krökkunum og spila við þau borðtennis. Oft og iðulega rústa þeim og hlæja svo á eftir.

Frábær kaffi í líffsögunni

Eftir fyrstu önnina hafði ég ákveðið að þetta væri ekki alveg fyrir mig. Finnst orkustigið í mér vera ennþá nokkrum númerum of mikið. Svo ég sagði upp. Kenndi síðan vorönnina í „spönn“ sem er áfangi tekinn helmingi hraðar á hálfri önn og helmingi oftar. Kenndi tvo áfanga sem hentar betur þegar maður er að byrja. Betra að halda tveimur boltum á lofti en sex.

Vorönninni lauk hjá mér á Árshátíð FÍV. Lét plata mig til að verða veislustjóri sem var mjög gaman. Síðan enduðu nemendur FÍV á því að velja mig sem kennara ársins sem ég er mjög hreykinn af og held á lofti eins oft og ég get. En að lokum vil ég þakka öllum fyrir frábæran kaffa í ævisöguna. Starfsfólki FÍV og þá sérstaklega Gísla Eiríks og öllum frábæru nemendum skólans. Takk kærlega fyrir mig. Ég sé mig alveg koma aftur að kenna þegar ég verð orðinn gamall karl, eftir fimmtíu ára afmælið,“ sagði Ágúst Halldórsson.



Ágúst með nemendum á Fimvörðuhálsi sem nemendur ganga yfir á hverju hausti.

Hús tekið á konunum sem heima sitja – Guðrún Veiga

Eins manns auglýsingastofa, heimili og börn

Guðrún Veiga Guðmundsdóttir er betri helmingur sjómannsins Guðmundar Þórs Valssonar sem er háseti og afleysingakokkur á Vestmannaey VE. „Á okkar sextán árum saman hefur hann alltaf verið á sjó af og til og núna held ég hann sé búinn vera á sjó í ein sjó ár. Ég er hætt að telja, segir Guðrún, og bætir við að túrarnir séu yfirleitt um viku langir.

Hennar daglega líf snýst um að reka eins manns auglýsingastofu ásamt því að sjá um heimili þeirra hjóna og sinna börnunum tveimur, þeim Val Elí, að verða fimmtán ára, og Sigrúnu Þórdísi sem er



fimm ára.

„Mesta áskorunin er lífið í landi án hans, allavega þennan veturinn. Bölvaður snjóþunginn - ég sífestandi bíldruluna og allt í volli. Og ég kenni honum alltaf um allt sem fer úrskaiðis heima þó hann sé hvergi nálægt. Þannig að snjórnin í ár tók töluvert á hjónabandið.

Að öllu gríni slepptu þá er mesta áskorunin líklega að það er ákveðin frelsisskerðing sem fylgir fjarveru hans. Allt okkar bakland er ekki í Vestmannaeyjum þannig að ég geri ekki margt utan heimilisins af því ég kemst ekki

svo auðveldlega frá.“

„Hins vegar eru áskoranirnar þegar hann er heima helst tugið í honum yfir tónum mjólkurfernum í ísskápnum. Ég nenni aldrei að brjóta þær saman og setja í ruslið.

Jú, svo á hann til að raska allri rútínu sem ég hef komið á hér á heimilinu - af því það má stundum allan andskotann þegar pabbi er í landi.“ segir Guðrún, og bætir við í lokin að það sé auðvitað ekkert betra en að hafa hann heima.

„Ég fæ alveg frið af því krakkarnir sjá ekki sólina fyrir honum - ferlega fínt.“

Bergur verið á sjó síðan við kynntumst:

Bannað að láta sér leiðast

Jónína Björk Hjörleifsdóttir, alltaf kölluð Jóný, er yngsta dóttir Ingu Halldórsdóttur og Hjörleifs Guðnasonar. Hún er betri helmingur Bergs Guðnasonar, sonar Estherar Valdimarsdóttur og Guðna Grímssonar. Bergur er fyrsti stýrimaður á Breka VE en var áður hjá Ufsabergsútgerðinni á Gullbergi VE.

„Frá því við kynntumst hefur Bergur verið á sjó fyrir utan nokkra mánuði þegar ég reyndi að selja honum að það væri gaman að vera í landi. Það gekk ekki upp! Þegar við byrjuðum saman voru túrarnir rosalega langir, enda voru þeir á uppsjavarveiðum. Til er góður brandari af því að þegar ég segi við Esther elstu dóttur mína, að pabbi sé kominn í land. Hvort hún vilji ekki koma með að sækja hann. Hann búinn að vera að heiman í hátt á annan mánuð. Þá dæsti hún og sagði: „Æi, mamma við eigum mynd af honum.“ Þessi saga fær sko ekki að gleymast.“

„Í dag eru túrarnir hans hámark vika en mismikil stopp á milli. Meira er um að menn hoppi í fri. Og það er jù draumurinn, að geta verið meira í frii saman,“ segir Jóný.



Vinna og list

„Ég sjálf vinn í ræstingum, en kalla mig uppgjafa sjúkraliða. Elska einnig að vinna í listinni minni og vinn einmitt mikið við hana þegar ég er ein og Bergur á sjó. Vinnan er þægileg en auðvitað sakna ég gamla fólksins á Ellö.“

Jóný og Bergur eiga saman fimm börn, Esther fædd 1985, kennari, gift Guðgeiri Jónssyni golfvallarfræðingi og börn þeirra eru Bergur Öli, Katla Margrét og Þórhildur Helga. Esther býr í Vestmannaeyjum.

Þau eignuðust dreng 1987 sem fæddist andvana. Þriðji er Ingvar

Örn stýrimaður og landkrabbi fæddur 1980, vinnur við smíðar og löndun og hefur unnið talsvert við sjóinn. Ingvar býr í Vestmannaeyjum. Þórir sá fjórði fæddur 1992, flugvirki og býr og starfar í Swiss. Fimmta er Inga Jóhanna háskólanemi. Vinnur í Vila með náminu í sambúð með Sindra Ólafssyni þyrfluflugmanni og er von á erfingja í október.

„Já, við Bergur erum sannarlega rík,“ segir Jóný, eftir þessa myndarlegu upptalningu. „Mínar áskoranir eru að láta mér ekki leiðast þegar Bergur er á sjó. Enda bara ómögulegt þegar maður hefur börn, barnabörn, listina og fullt af góðu fólki í kring um sig. Og vonandi verður heilsan í lagi þegar Bergur kemur í land eftir einhver ár og hver veit, kannski verðum við ennþá að þeytast um landið á mótörhjöldi. Alla vegar er bannað að láta sér leiðast.

Þegar Bergur er heima dá-sama ég það hvað hann sé góður kokkur. Þá slepp ég við að elda og við reynum að njóta samveru með fjölskyldu. Ég sinni vinnunni og við áhugamálum okkar, bæði saman og í sitt hvoru lagi. Ætli það sé ekki galdurinn svo hjónaband sjómannsinn gangi.“



*Bestu árnaðaróskir og
kveðjur til sjómanna og
allra Vestmannaeyinga
á sjómannadaginn!*



Vestmannaeyjabær